



Deildarfundir á Vesturlandi

Vesturland, 09.09.2019

Deildarfundur Ólafsvík, kl. 11.00

Mættir: Þrír félagsmenn mættir Gunnar M. Baldurssyni, fulltrúa hlutastarfandi sjúkraflutningamanna og Hermanni Sigurðssyni, framkvæmdastjóra LSS (sjá undirskriftalista).

Það eru sjö sem sinna sjúkraflutningum. Tæplega 200 útköll á ári. Mismunandi menntunarstig. Bílar lélegir. Fundi slitið kl. 12.

Deildarfundur Grundarfjörður, kl. 13:00

Mættir: Fjórir félagsmenn mættir Gunnar M. Baldurssyni, fulltrúa hlutastarfandi sjúkraflutningamanna og Hermanni Sigurðssyni, framkvæmdastjóra LSS (sjá undirskriftalista).

Það eru fjórir sem sinna aðallega sjúkraflutningum og 3 til vara og eru á bakvöktum tvær vikur í senn. Útköll eru rúmlega 100 á ári. Nýjasti bíllinn á Vesturlandi, árgerð 2014, er hjá þeim. Mismunandi menntunarstig. Nýbúið að endurnýja fatnað. Fundi slitið kl. 14.

Deildarfundur Stykkishólmur, kl. 15:00

Mættir: Þrír félagsmenn mættir Gunnar M. Baldurssyni, fulltrúa hlutastarfandi sjúkraflutningamanna og Hermanni Sigurðssyni, framkvæmdastjóra LSS (sjá undirskriftalista).

Það eru fjórir sem sinna sjúkraflutningum og fjórir til vara. Er verið að leita að fleiri aðilum til að stækka liðið (fimmta manni). Varaskeifurnar eru án réttinda og nýtast í akstur. Einn bíll á svæðinu og er þreyttur. Þeir eru á bakvöktum tvær vikur í senn. Varabíll fyrir Vesturland er geymdur á Stykkishólmi og er frá 1990 og ek. Rúmlega 300 þús. Um 150 flutningar á ári.

Óskað var eftir tengiliðum varðandi að uppfæra töskubúnað bílana. LSS mun finna aðila og koma í samband við umsjónarmann sjúkraflutninga á Stykkishólmi. Fundi slitið kl. 16.

Deildarfundur Búðardalur, kl. 17:30

Mættir: Tveir félagsmenn mættir Gunnar M. Baldurssyni, fulltrúa hlutastarfandi sjúkraflutningamanna og Hermanni Sigurðssyni, framkvæmdastjóra LSS (sjá undirskriftalista).



Útkall var í gangi þegar fundurinn var haldinn. Slökkviliðsstjóri Búðardals, Reykhóla og Hólmavíkur mætti á fundinn. Það eru fjórir sem sinna sjúkraflutningum og tveir til vara. Þeir eru á bakvöktum tvær vikur í senn. Tveir bílar á svæðinu, annar frá 2016 og hinn frá 2004 og ek. 300 þús. Nýbúnir að fá endurnýjuð vinnuföt. Fundi slitið kl. 18:30.

Deildarfundur Hólmavík, kl. 20.00

Mættir: Fjórir félagsmenn mættir Gunnar M. Baldurssyni, fulltrúa hlutastarfandi sjúkraflutningamanna og Hermanni Sigurðssyni, framkvæmdastjóra LSS (sjá undirskriftalista).

Það eru fimm sem sinna sjúkraflutningum. Engar fastar vaktir. Tveir á vakt. Sjúkrabifreið úr sér gengin frá 2004 og ek. rúmlega 200 þús. Vantar nýjan fatnað, sérstaklega hlífðarfatnað. Hleðslustöð í bíl biluð og kvartað um samskiptaleysi við umheiminn. Símar ná ekki sambandi í sveitinni vegna samninga við NOVA sem er ekki á öllu svæðinu og starfsmenn mega ekki fá staðsetningu í einkasímann í staðinn. Skapar óþarfa óöryggi. Góðar umræður voru um að fá greiðslur fyrir að ganga með símann en aðilar fá vaksíma þegar þeir eru á vakt. Mikil umræða var um lengd útkalla, meðallengd um átta tímar enda nær svæðið 250 km enda í enda. Útköll um 70 á ári. Menntun ýmist B eða I menntun. Fundi slitið kl. 21:00.

Almennt:

1. Gunnar M. Baldursson, fulltrúi hlutastarfandi sjúkraflutningamanna, setti deildarfundina á hverjum stað. Hann reifaði tilgang ferðarinnar og fór yfir dagskrána.
2. **Kynning LSS.** HS fjallaði um LSS og fór yfir starfsemi og sjóði félagsins.
3. **Nefnd um jöfnun atkvæðavægis.** Vinnuhópur um atkvæðavægi, GMB fór yfir tilurð þessarar nefndar og og kynnti niðurstöður hennar. Umræður: Almenn skoðun að góð vinna hefði átt sér stað og hægt sé að byggja á þessum tillögum.

4. **Komandi kjaramál.** HS útskýrir hvernig við höfum verið að vinna kjaramálin. Erum með ráðgjafa í kjaramálum, nýtum okkur þjónustu BSRB í enn meiri mæli og eigum nú fulltrúa í réttindanefnd BSRB. Fór yfir áherslur BSRB. Helstu áherslur eru launahækkanir í krónutölum, styttingu vinnuviku vaktavinnufólks, snemmtöku lífeyris vaktavinnufólks, jöfnun launa á milli almenna og opinbera markaðsins, og launapróunartryggingar.

- Laun stjórnenda. Almenn skoðun að bilið er of lítið. Laga þyrfti launabilið á milli stjórnenda og almennra starfsmanna. Hugsanlega væri hægt að gera það í gegnum lagfæringar á tengitöflu.
- Laun hlutastarfandi. Sama vinna – sömu laun. Hlutastarfandi náðu ekki viðunandi árangri í síðustu samningnum. Hlutastarfandi samningar sjúkraflutningamanna 2016 þarf að laga. Það þarf að bæta laun þeirra meira í næstu kjarasamningum og leiðréttu skekkjuna sem myndaðist þá. Taka þarf ríkissamninginn og jafna við hlutastarfandi samninginn.



Önnur mál

Posi

Umræður voru hvort eðlilegt væri að rukka farþega fyrir heilbrigðisstofnun með posa. Er þetta þeirra starfslýsing?

Menntunarstig

Tekið var saman menntunarstig á þessu svæði til að meta hvort það væri þörf fyrir Heilbrigðisstofnun Vesturlands að fara í átak til að efla þekkingu sinna starfsmanna á sínu svæði. LSS telur að það séu tæki fyrir HVE að fara í átak til fjölga I menntuðum aðilum. LSS tekur fram að reynsla, þekking er mikil og starfsaldur hár á þessu svæði og eru menn að leggja mikið hugsjónastarf á sig fyrir sitt bæjarfélag.

Sjúkrabílstjórar eða minna - 7

B – 14

I – 7

A -3

P- 0

Annað – 3 sem eru hjúkrunarfræðingar og einn sjúkraliði. Einn að læra Paramedic

GMB þakkaði fyrir góða áheyrn og málefnalegar umræður.

Fundargerð ritaði framkvæmdastjóri LSS